

Ed.

53. Frumvarp

til laga um aukna landhelgisgæslu.

Flutningsm.: Halldór Steinsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem verða má, láta byggja nýtt skip til landhelgisgæslu.

2. gr.

Til byggingar skipsins skal verja fje úr landhelgissjóði.

3. gr.

Þegar ákvæðum 1. gr. frv. er fullnægt, skal eitt af varðskipum ríkisins annast að staðaldri gæsluna á svæðinu frá Reykjanesi að Látrabjargi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þótt landhelgisgæslan hafi allmjög verið bætt á síðari árum, þá er þó langt frá því, að hún sje enn komin í viðunanlegt horf. Bataútvægur er ennþá víða á landinu ofurseldur ágangi innlendra og útlendra botnvörpunga. Sjerstaklega hefir þetta verið tilfinnanlegt á Faxaflóa og Breiðafirði, og þeim mun tilfinnanlegra, sem einmitt á þessum slóðum eru einhver bestu fiskimið landsins og fiskiveiðar aðalatvinnuvegur fjölda manna. Reynsla undanfarinna ára hefir nú sýnt, að úr þessu verður ekki bætt með öðru móti en því, að sjerstöku skipi sje ætluð gæsla að staðaldri á þessum stöðum.

Landhelgissjóður hefir nú á síðari árum vaxið svo hröðum fetum og er þegar orðinn svo stór, að áhættulaust virðist að leggja fram fje úr honum til byggingar á nýju varðskipi.

Nú er það svo, að varðskípið »Þór« getur ekki talist fullkomið til gæslu

vegna ónógs hraða skipsins, en hinsvegar má vel nota það þar, sem því er ætlað að hafa lítið afmarkað svæði til gæslu, svo sem við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð og jafnvel á vissum tímum árs á nokkrum hluta Breiðafjarðar og Faxaflóa.

Frekari grein fyrir þessu frumv. í framsögu.